

SAMÞYKKTIR FYRIR EYRI INVEST HF.

1. gr.

Félagið er hlutafélag og er nafn þess Eyrir Invest hf.

2. gr.

Heimilisfang félagsins er að Skólavörðustíg 13 í Reykjavík.

3. gr.

Tilgangur félagsins er eignarhald, kaup og viðskipti með hlutabréf, hluti í félögum, önnur verðbréf og hvers kyns önnur fjárhagsleg verðmæti.

4. gr.

Hlutafé er kr. 89.492.935 (krónur áttatíu og níu milljónir fjögur hundruð níutíu og tvö þúsund og níu hundruð þrjátíu og fimm).

Hver hlutur er að fjárhæð kr. 1 (ein króna) að nafnverði.

5. gr.

Heimilt er að hækka hlutafé félagsins með ályktun hluthafafundar og þarf til sama magn atkvæða og til breytinga á samþykktum þessum. Hluthafar skulu hafa forgangsrétt að öllum nýjum hlutum í sínum eigin flokkum í hlutfalli við skráða hlutafjáreign sína. Hluthafafundur einn getur ákveðið lækkun hlutafjár.

Stjórn félagsins hefur heimild til að ákveða útgáfu hlutafjár félagsins í evrum í stað íslenskra króna, sbr. heimild í 4. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Skal við umreiknun hlutafjárins fara að ákvæðum laga um ársreikninga nr. 3/2006, sbr. 5. mgr. 1. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Skal stjórn jafnframt heimilt að gera nauðsynlegar breytingar á samþykktum félagsins sem leiða af útgáfunni, þ. á m. breyta fjárhæðum þeim sem fram koma í 4. og 5. gr. samþykktu félagsins og varða breytinguna, með sömu umreiknunar aðferð.

Aðalfundur Eyrir Invest. hf., haldinn þann 13. maí 2024, samþykkti að veita stjórn félagsins heimild til að auka hlutafé félagsins í einu lagi eða áföngum um allt að 89.480.342 kr. að nafnvirði með útgáfu nýrra hluta. Hluthafar hafa forgangsrétt til áskriftar að hinu nýju hlutafé. Stjórn félagsins ákveður útboðsgengi bréfanna og sölureglur hverju sinni. Skal stjórnin ákveða nafnverð hinna nýju hluta og gengi þeirra, fresti til áskriftar og greiðslu þeirra, og skal áskrift í einu og öllu fara fram skv. ákvæðum samþykktu félagsins og V. kafla laga um hlutafélög. Engar hömlur skulu vera á viðskiptum með hina nýju hluti. Hinir nýju hlutir skulu veita réttindi í félaginu frá skráningardegi hlutafjárhækkunarinnar. Heimild þessi gildir til 13. nóvember 2025.

6. gr.

Hlutabréf félagsins eru gefin út með rafrænum hætti samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/2020 um verðbréfamíðstöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga.

Rafræn eignaskráning samkvæmt lögum nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignaskráningu skoðast sem fullgild sönnun fyrir eignarrétti a hlutum í félaginu. Skal arður á hverjum tíma, svo og tilkynningar allar, sendast til þess aðila sem á hverjum tíma er skráður eigandi viðkomandi hluta í hlutaskrá.

7. gr.

Um eigendaskipti að rafrænum hlutum og framkvæmd þeirra fer eftir lögum nr. 7/2020 um verðbréfamistöðvar, uppgjör og rafræna eignarskráningu fjármálagerninga og reglna sem settar eru á grundvelli þeirra.

8. gr.

Félagið má eigi veita lán út á hluti sína. Félaginu er heimilt að kaupa eigin hluti að því marki sem lög leyfa. Óheimilt er að neyta atkvæðisréttar fyrir þá hluti sem félagið á sjálft.

Aðalfundur Eyrís Invest. hf., haldinn þann 10. maí 2023, samþykkti að veita stjórn félagsins heimild til að kaupa eigin hluti. Skal fjöldi hluta vera að hámarki 10% af útistandandi hlutum félagsins og skal stjórn vera heimilt að kaupa þá alla í einu lagi eða í áföngum. Heimild þessi skal aðeins nýtt í þeim tilgangi að gera hluthöfum almennt tilboð um kaup félagsins á eigin bréfum, t.d. með útboðsfyrirkomulagi, enda sé jafnræðis hluthafa gætt við boð um þátttöku í slíkum viðskiptum. Endurgjald fyrir hvern hlut skal hæst samsvara innra virði, en lægst samsvara – 50% af innra virði eins og það er reiknað af félaginu og staðfest af endurskoðanda þess, þó ekki eldri útreikningur en sex mánaða. Heimild þessi gildir til 10. nóvember 2024.

9. gr.

Hluthafi ber ekki ábyrgð á skuldbindingum félagsins fram yfir hlut sinn í félaginu.

10. gr.

Æðsta vald í málefnum félagsins er í höndum lögmætra hluthafafunda.

11. gr.

Aðalfundur skal haldinn fyrir lok ágúst ár hvert.

Aukafundi skal halda eftir ákvörðun stjórnar eða að kröfu endurskoðanda eða hluthafa sem ráða a.m.k. einum tuttugasta hluta hlutafjár í félaginu. Skal krafan skriflega gerð og fundarefni tilgreint og fundur boðaður þá innan fjórtán daga. Ef stjórnin skirrist við að boða fund eftir móttöku slíkrar kröfu má leita atbeina hlutafélagaskrár samkvæmt 87. gr. hfl.

12. gr.

Félagsstjórn skal boða til hluthafafunda með tilkynningu til hvers hluthafa bréflega eða með tölvupósti. Aðalfund skal boða með minnst fjórtán daga fyrirvara en aukafund með minnst sjö daga fyrirvara. Fundarefnis skal getið í fundarboði.

Hluthafafundur er lögmætur ef hann er löglega boðaður og hann sækja hluthafar eða umboðsmenn þeirra sem hafa yfir að ráða helmingi hlutafjár í félaginu að minnsta kosti. Verði fundur ólögmætur vegna annmarka að þessu leyti skal boðað til nýs fundar innan mánaðar með sjö daga fyrirvara og verður sá fundur lögmætur til að ræða þau mál sem ræða átti á fyrri fundinum ef hann sækja tveir hluthafar eða fleiri eða umboðsmenn þeirra enda ráði þeir yfir fimmtungi hlutafjár í félaginu hið minnsta.

Hluthafafundum stjórnar fundarstjóri sem fundurinn kýs og tilnefnir hann fundarritara með samþykki fundarins. Fundarstjóri skal leysa úr öllum atriðum sem snerta lögmæti

fundarins og framkvæmd hans samkvæmt samþykktum þessum og lögum. Jafnframt ákveður hann form umræðna, meðferð málefna á fundinum og atkvæðagreiðslur.

Félagsstjórn er heimilt að ákveða notkun rafrænna miðla í tengslum við þátttöku hluthafa í hluthafafundum og atkvæðagreiðslu samkvæmt 80. gr. a laga um hlutafélög.

13. gr.

Eitt atkvæði fylgir hverri einni krónu hlutafjár. Hluthafar geta með skriflegu umboði veitt umboðsmönnum heimild til að sækja hluthafafund og fara með atkvæðisrétt sinn.

Á hluthafafundi ræður afl atkvæða nema öðruvísi sé fyrir mælt í landslögum eða samþykktum þessum. Samþykki allra hluthafa þarf til þess:

1. að skylda hluthafa til að leggja fram fé í félagsþarfir fram yfir skuldbindingar sínar,
2. að takmarka heimild manna til meðferðar á hlutum sínum,
3. að breyta tilgangi félagsins að verulegu leyti eða
4. að breyta ákvæðum samþykktanna um hlutdeild manna í félaginu eða jafnrétti þeirra á milli.

Tillögur um breytingar samþykktum félagsins eða um sameiningu þess við önnur félög eða fyrirtæki má ekki taka til meðferðar á fundum þess nema þess hafi verið getið í fundarboði.

14. gr.

Á aðalfundi skulu tekin fyrir þessi mál:

1. Stjórn félagsins skal skýra frá hag félagsins og rekstri þess á liðnu starfsári.
2. Staðfesting ársreiknings og tekin ákvörðun um hvernig fara skuli með hagnað eða tap félagsins á reikningsárinu.
3. Stjórn félagsins skal kjörin og endurskoðendur.
4. Ákvörðun skal tekin um greiðslur til stjórnar- og endurskoðenda fyrir störf þeirra á starfsárinu.
5. Tillögur félagsstjórnar um starfskjarastefnu félagsins.
6. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur málefni sem löglega eru upp borin.

15. gr.

Fundargerðabók skal haldin og í hana skráð það sem gerist á hluthafafundum.

16. gr.

Stjórn félagsins skal skipuð fimm mönnum, kjörnum á aðalfundi til eins árs í senn. Stjórn félagsins stýrir öllum málefnum félagsins milli hluthafafunda og gætir hagsmuna þess gagnvart þriðja manni. Undirskriftir meirihluta stjórnar skuldbinda félagið. Stjórnarfundir eru lögumætir ef meirihluti stjórnarmanna sækir fund. Afl atkvæða ræður afgreiðslu mála. Verði atkvæði jöfn ræður atkvæði formanns úrslitum. Halda skal fundargerð um stjórnarfund.

Séu hluthafar fjórir eða færri má ákveða að stjórnina skipi þrír menn og skal þá kjósa a.m.k. einn varamann.

17. gr.

Stjórnin kýs sér formann úr sínum hópi en að öðru leyti skiptir hún með sér verkum eins og þurfa þykir. Formaður boðar til stjórnarfunda. Hver stjórnarmaður getur krafist stjórnarfundar. Sama rétt eiga framkvæmdastjórnar.

Stjórnin skal setja sér starfsreglur þar sem nánar skal kveðið á um framkvæmd starfa hennar.

18. gr.

Stjórn félagsins ræður einn framkvæmdastjóra og ákveður starfskjör hans. Hún veitir og prókúruumboð fyrir félagið.

Framkvæmdarstjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða venjulegan rekstur. Hann sér um reikningshald og ráðningu starfsliðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

19. gr.

Á aðalfundi félagsins skal kjósa einn eða fleiri löggilta endurskoðendur. Skulu þeir rannsaka reikninga félagsins fyrir hvert starfsár og leggja niðurstöður sínar fyrir aðalfund. Endurskoðendur má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna eða starfsmanna félagsins.

20. gr.

Starfsár og reikningsár er almanaksárið. Ársreikningar félagsins skulu vera öllum aðgengilegir, jafnframt skulu hálfársreikningar vera öllum hluthöfum aðgengilegir.

21. gr.

Engin sérréttindi fylgja hlutum í félaginu. Hluthafar þurfa ekki að sæta innlausn hluta sinna nema lög standi til annars.

22. gr.

Samþykktum þessum má breyta á lögætum aðalfundi eða aukafundi með 2/3 hlutum greiddra atkvæða, svo og með samþykki hluthafa sem ráða yfir a.m.k. 2/3 hlutum af því hlutafé í félaginu sem farið er með atkvæði fyrir á fundinum, enda sé annað atkvæðamagn ekki áskilið í samþykktum eða landslögum, sbr. 93. gr. hfl.

23. gr.

Með tillögur um slit og skipti á félaginu skal fara sem um breytingar á samþykktum þessum. Þarf atkvæði hluthafa sem ráða minnst 2/3 hlutum af heildarhlutafé félagsins til að ákvörðun um slit sé gild. Hluthafafundur, sem tekið hefur löglega ákvörðun um slit eða skipti félagsins, skal einnig ákveða ráðstöfun eigna og greiðslu skulda.

24. gr.

Þar sem ákvæði samþykkt þessara segja ekki til um hvernig með skuli farið skal hlíta ákvæðum um hlutafélög, svo og öðrum lagaákvæðum er við geta átt.

Þannig samþykkt í Reykjavík 3. júní 2000 með breytingum samþykktum á aðalfundi félagsins 12. maí 2004, hluthafafundi þann 20. apríl 2005, hluthafafundi þann 3. október 2005, hluthafafundi þann 25. nóvember 2005, hluthafafundi þann 25. ágúst 2006, stjórnarfundi þann 1. september 2006, hluthafafundi þann 18. desember 2006, stjórnarfundi þann 15. janúar 2007, stjórnarfundi þann 13. ágúst 2007, aðalfundi þann 15. febrúar 2008, hluthafafundi þann 28. nóvember 2008, stjórnarfundi þann 16. desember 2008, hluthafafundi þann 21. apríl 2010 og hluthafafundi þann 15. apríl 2011, stjórnarfundi þann 22. desember 2011, auka hluthafafundi þann 10. janúar 2012, aðalfundi þann 12. mars 2012, hluthafafundi 5. júní 2012, hluthafafundi 21. desember 2012, stjórnarfundi þann 1. febrúar 2013, hluthafafundi 30. maí 2013, aðalfundi 29. apríl 2014, aðalfundi 12. maí 2015, aðalfundi 18. maí 2016, aðalfundi 12. maí 2017, aðalfundi 12. apríl 2018,

aðalfundi 10. apríl 2019, aðalfundi 26. maí 2020, aðalfundi 29. apríl 2021, aðalfundi 4. maí 2022, aðalfundi 10. maí 2023, aðalfundi 13. maí 2024 og aðalfundi 27. mars 2025.

F.h. Eyrís Invest hf.

Pr. pr. Signý Sif Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri